

Eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum, raf- og rafeindatækjum

Eftirlitsáætlun 2025



Eftirlit með rafhlöðum og rafgeymum, raf- og rafeindatækjum

September 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:39

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2
108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.uos.is

Efnisyfirlit

1	Lagagrundvöllur og markmið	4
2	Landfræðilegt umfang	4
3	Forgangsröðun eftirlits	4
4	Eftirlitsþættir	5
4.1	Skráningarskylda framleiðenda og innflytjenda	5
4.2	Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda	5
4.2.1	Raf- og rafeindatæki	6
4.2.2	Rafhlöður og rafgeymar:	6
4.3	Merkingaskylda framleiðenda og innflytjenda	6
4.3.1	Raf- og rafeindatæki	6
4.3.2	Rafhlöður og rafgeymar	7
4.4	Móttökuskylda sölu og dreifingaraðila	8
4.4.1	Rafhlöður og rafgeymar	8
4.4.2	Raf- og rafeindatæki	8
4.5	Bann við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum á markaði	8
5	Samvinna við önnur stjórnvöld	8
6	Skipulag eftirlits ársins	9
7	Birting á niðurstöðum eftirlits	9
8	Heimildaskrá	10

1 Lagagrundvöllur og markmið

Umhverfis- og orkustofnun er falið eftirlitshlutverk með rafhlöðum og rafgeymum í IV. kafla laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Eftirlitshlutverkið er nánar útfært í reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma sem sett er með stoð í lögunum. Fjallað er um eftirlitshlutverk stofnunarinnar í 18. gr. a. reglugerðarinnar.

Að sama skapi er stofnuninni falið eftirlitshlutverk með raf- og rafeindatækjum í VII. kafla laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Eftirlitshlutverkið er nánar útfært í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang sem sett er með stoð í lögunum. Fjallað er um eftirlitshlutverk stofnunarinnar í 16. gr. reglugerðarinnar.

Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall rafhlaðna, rafgeyma og raf- og rafeindatækja, fylgja eftir banni og takmörkunum á ákveðnum þungmálmum í rafhlöðum og rafgeymum, sjá til þess að upplýsingagjöf til kaupenda sé framfylgt og fylgjast með að framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna, rafgeyma og raf- og rafeindatækja séu skráðir í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Eftirlitsáætlun þessi nær til loka ársins 2025 og miðast við upplýsingar frá Skattinum fyrir síðasta almannaksár.

Á Umhverfis- og orkustofnun hvílir skylda til þess að skrifa skýrslu um framkvæmd eftirlits með rafhlöðum og rafgeymum sbr. 4. gr. reglugerðar um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011. Þessi áætlun nær þó einnig til eftirlitsins á grundvelli reglugerðar um raf- og rafeindatækjaúrgang nr. 1061/2018.

2 Landfræðilegt umfang

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar nær til framleiðenda og innflytjenda á rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjum um land allt. Eftirlit getur í vissum tilfellum einnig náð til sölu- og dreifingaðila rafhlaðna og rafgeyma þrátt fyrir að þeir teljist ekki framleiðendur eða innflytjendur og beri ekki eins víðtækar skyldur. Í ákveðnum tilvikum getur reynst nauðsynlegt, í kjölfar eftirlits hjá dreifingaraðilum, að beina kröfum um úrbætur til framleiðenda og innflytjenda. Það er þó ekki algilt og ræðst af þeirri skyldu sem er forsenda kröfu um úrbætur hverju sinni.

3 Forgangsöröðun eftirlits

Forgangsöröðun eftirlits er breytileg milli ára en tekur að jafnaði tillit til einhverra af eftirtöldum þáttum:

- Magntölum innflutnings ársins á undan
- Niðurstöðum eftirlitsverkefna fyrri ára

- Áherslum á alþjóðlegum vettvangi
- Stefnum og straumum í samfélaginu
- Ábendingum

Niðurstöður fyrra eftirlits með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjum er frá árunum 2015 til 2024 og má finna í ársskýrslum yfir niðurstöður eftirlits á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar¹.

4 Eftirlitsþættir

Eftirlitið miðar við fimm kvaðir sem eru kjarninn í áætlunargerðinni sjálfri og virku eftirliti (Viðauki A). Kvaðirnar eru:

1. Skráningarskylda framleiðenda og innflytjenda
2. Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda
3. Merkingaskylda framleiðenda og innflytjenda
4. Móttökuskylda sölu og dreifingaraðila
5. Bann við að bjóða tilteknar rafhlöður og rafgeyma fram á markaði.

4.1 Skráningarskylda framleiðenda og innflytjenda

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma og raf- og rafeindatækja skulu skráðir í skráningarkerfi hjá Umhverfis- og orkustofnun og upplýsingarnar uppfærðar reglulega, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1020/ 2011 um rafhlöður og rafgeyma og 14. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaufgang.

Skráningarkerfið er uppfært mánaðarlega með upplýsingum um inn- og útflutning sem eru fengnar frá tollakerfi Skattsins og birtar á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar²³.

4.2 Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda

Framleiðendur og innflytjendur bera skyldu til miðlunar ákveðinna upplýsinga til viðskiptavina sinna.

¹<https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/raf-og-rafeindataeki/eftirlit/>

² [Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma](#)

³ [Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja](#)

4.2.1 Raf- og rafeindatæki

Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upplýsa um:

- a) hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi,
- b) að hægt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi án greiðslu
- c) að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur
- d) hlutverk kaupanda varðandi endurnotkun, endurvinnslu og aðrar leiðir til endurnýtingar raf- og rafeindatækjaúrgangs
- e) hugsanleg áhrif hættulegra efna í raf- og rafeindatækjaúrgangi á umhverfið og heilsu manna og dýra.

Í eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar dreifir eftirlitsmaður upplýsingablaði til eftirlitsþega sem auðveldar framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja að uppfylla upplýsingaskyldu sína, blaðið er jafnframt aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar (Viðauki C)⁴. Það er þó undir framleiðendum og innflytjendum komið hvernig þeir miðla upplýsingum til viðskiptavina sinna.

4.2.2 Rafhlöður og rafgeymar:

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma bera upplýsingaskyldu samkvæmt 7. gr. reglugerðar um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011.

Upplýsingaskyldunni er fullnægt með greiðslu úrvinnslugjalds skv. 9. gr. reglugerðarinnar en úrvinnslusjóður ber ábyrgð á að tryggja upplýsingagjöf framleiðenda og innflytjenda rafhlaðna og rafgeyma.

Eftirlit með upplýsingaskyldu fer því hér saman við eftirlit með skráningarskyldu og greiðslu úrvinnslugjalds.

4.3 Merkingaskylda framleiðenda og innflytjenda

4.3.1 Raf- og rafeindatæki

Tunnummerki:

Framleiðendur og innflytjendur skulu samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um raf- og rafeindatækjaúrgang merkja raf- og rafeindatæki með merki sem er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum (tunnummerkið) skv. IV. Viðauka reglugerðar nr. 1061/2018 (mynd 1).

⁴ [Miðlun upplýsingarskyldu](#)

Tunnummerkið gefur til kynna að raf- og rafeindatæki megi ekki fara í almennt sorp og þarfnist sérstakrar úrgangsmeðhöndlunar.

Tunnummerkið skal vera á raf- og rafeindatækjunum sjálfum og telst almennt ekki fullnægjandi að einungis umbúðir vara séu merktar.



Mynd 1. Yfirstrikuð sorptunna á hjólum (tunnummerki).

4.3.2 Rafhlöður og rafgeymar

Tunnummerki:

Framleiðendur og innflytjendur skulu merkja rafhlöður og rafgeyma með merki sem er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum (tunnummerkið) skv. l. viðauka reglugerðar nr. 1020/2011 (mynd 1). Tunnummerkið gefur til kynna að rafhlöður og rafgeymar megi ekki fara í almennt sorp og þarfnist sérstakrar úrgangsmeðhöndlunar.

Tunnummerkið skal vera á vörum sjálfum nema í undantekningartilvikum, til að mynda þar sem varan er svo smá að merkingu verður ekki komið við. Nánari reglur um merkingar á rafhlöðum og rafgeymum og undanþágur frá merkingum er að finna í 11. gr. reglugerðar nr. 1020/2011.

Þungmálmamerki:

Rafhlöður og rafgeymar, sem innihalda meira en:

- a) 0,0005 % af kvikasilfri,
- b) meira en 0,002 % af kadmíum eða
- c) meira en 0,004 % af blýi,

skulu ennfremur merktar með auðkenni fyrir viðkomandi málmi: Hg, Cd eða Pb.

4.4 Móttökuskylda sölu og dreifingaraðila

4.4.1 Rafhlöður og rafgeymar

Þeim sem selja rafhlöður og rafgeyma og dreifa þeim ber, samkvæmt 8. gr. reglugerðar um rafhlöður og rafgeyma, að taka gjaldfrjálst við notuðum rafhlöðum og rafgeymum á sölu- eða dreifingarstað og tryggja viðeigandi ráðstöfun.

4.4.2 Raf- og rafeindatæki

Í verslunum þar sem sölusvæði raf- og rafeindatækja er a.m.k. 400 m² skal tekið á móti litlum raf- og rafeindatækjum, með ekkert ytra mál yfir 25 cm, án endurgjalds og skilyrða.

4.5 Bann við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum á markaði

Óheimilt er samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma að framleiða, flytja inn, selja eða nota:

- a) rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,0005 % af kvikasilfri miðað við þyngd, hvort sem þau eru hluti af tækjum eða ekki, og
- b) færanlegar rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,002 % af kadmíum miðað við þyngd, að meðtöldum þeim sem eru hluti af tækjum.

Bannið skv. b-lið, gildir ekki um færanlegar rafhlöður eða rafgeyma sem ætluð eru til nota í:

- a) neyðar- og viðvörunarkerfi, að meðtöldum neyðarlýsingum eða
- b) lækningabúnað.

5 Samvinna við önnur stjórnvöld

Umhverfis- og orkustofnun vinnur náið með öðrum stjórnvöldum við undirbúning og framkvæmd eftirlitsins.

Tollakerfi Skattsins ber ábyrgð á að veita Umhverfis- og orkustofnun reglulega upplýsingar um inn- og útflutning í samræmi við beiðni stofnunarinnar um gagnaskil. Umhverfis- og orkustofnun og fulltrúar Skattsins hafa reglulegt samráð um upplýsingamiðlun og áherslur í eftirliti.

Umhverfis- og orkustofnun hefur samráð við Úrvinnslusjóð um áherslur og framkvæmd eftirlits. Úrvinnslusjóður skal skv. 52. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja, standa skil á gjöldum til Umhverfis- og

orkustofnunar sem framleiðendur og innflytjendur bera vegna reksturs skráningarkerfis og eftirlits Umhverfis- og orkustofnunar. Um gjaldtökuna er fjallað í 36. og 39. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1410 frá 2023. Vakin er athygli á því að ný gjaldskrá verður gefin út á næstu mánuðum.

Eftirlit með móttökustöðvum sveitarfélaganna er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Heilbrigðisnefndir skulu einnig hafa eftirlit með meðferð og merkingu rafhlaðna og rafgeyma svo og banni við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um niðurstöður eftirlitsins, á því formi sem stofnunin óskar eftir.

6 Skipulag eftirlits ársins

Eftirlit ársins 2025 byggir á þeim forgangspáttum sem settir eru fram í kafla 3.

Í eftirliti ársins 2025 verður lögð áhersla á að skoða raf- og rafeindatæki sem ætluð eru börnum, til að mynda leikföng og aðrar vörur í barnaherberginu. Stefnt er að því að heimsækja um 20 fyrirtæki í eftirliti ársins.

Í lok hvers eftirlitsárs er tekin saman skýrsla um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulag eftirlits er í samræmi við Gæðahandbók Umhverfis- og orkustofnunar: 7 VI - Eftirlit með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi. Myndrænt ferli eftirlitsins má sjá í Viðauka B.

7 Birting á niðurstöðum eftirlits

Niðurstöður eftirlits verða gefnar út fyrir hvert eftirlitsár á heimasíðu stofnunarinnar. Þar kemur fram umfang og áherslur eftirlits ársins, fjöldi frávika og aðrar athugasemdir sem koma fram í eftirliti. Þar munu einnig vera settar fram mögulegar tillögur til umbóta á framkvæmd eftirlitsins sem tekið verður tillit til í áætlun næsta árs.

8 Heimildaskrá

Batteries and accumulators. European Commission.

https://ec.europa.eu/environment/topics/waste-and-recycling/batteries-and-accumulators_en

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011.

Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Umhverfisstofnun. Rafhlöður og rafgeymar. <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/rafhlodur-og-rafgeymar>

Umhverfisstofnun. Raf- og rafeindatæki. <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/raf-og-rafeindataeki>

Waste from Electrical and Electronic Equipment (WEEE). European Commission.

https://ec.europa.eu/environment/topics/waste-and-recycling/waste-electrical-and-electronic-equipment-weee_en

Viðauki A


Atriði sem framleiðendur, innflytjendur og sölu- og dreifingaraðilum ber að uppfylla.

Atriði eftirlits	Framleiðendur og innflytjendur		Sölu- og dreifingaraðilar	
	WEEE	RR	WEEE	RR
Aðili í skráningarkerfi	x	x		
Upplýsingar um hvar er heimilt að skila	x	x		
Tunnumerki á tæki/búnað 	x	x		
Merkingar á þungmálmum		x		x
Móttaka notaðra rafhlaðna og rafgeyma		x (ef söluaðilar)		x
Móttaka notaðra raf- og rafeindatækja (Ef sölurými yfir 400 m ²)			x	
Bann við ákveðnum þungmálmum		x		x

WEEE: Waste Electrical and Electronic Equipment (Raf- og rafeindatækjaúrgangur), RR: Rafhlöður og rafgeymar.

Viðauki B

Ferill eftirlits og skjalagerð í eftirliti með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjum.



Viðauki C

Framhaldslíf með endurvinnslu



Rafhlöður eru spilliefni og þeim
máttu skila hingað en raftækjum til
endurvinnslufyrirtækja

Með því að flokka og skila raftækjum, rafhlöðum og rafgeymum til endurvinnslu drögum við úr ofnýtingu auðlinda. Mörg tækjanna geta innihaldið spilliefni sem meðhöndla þarf með viðeigandi hætti auk fágætra málma sem nýst geta aftur.